

Ný reglugerð um greiðslubátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Tekur gildi 1. janúar 2020

Til þeirra er málið varðar

Velferðarráðuneytið hefur gefið út nýja reglugerð sem tekur gildi þann 1. janúar 2020 og varðar hún greiðslubátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Helstu breytingar:

- Einingaverð fyrir **sérgreinalækna** hækkar úr 427 kr í **439 kr.**
- Hámarksgreiðsla fyrir almenna hækkar í **26.753 kr.** og fyrir aldraða, öryrkja og börn **17.835 kr.**
- Komugjöld á heilsugæslu **lækka** hjá einstaklingum sem fara á þá heilsugæslu sem þeir eru skráðir á. **Hærra gjald** verður rukkað ef einstaklingur fer á heilsugæslustöð sem hann er ekki skráður á. Sjá nánar í [reglugerðinni](#) og/eða í [vinnuskjali SÍ](#). **Inn koma nýjir liðir:**
 - Sjúkratryggðir á heilsugæslustöð sem þeir eru skráðir á: 700 kr.
 - Sjúkratryggðir á heilsugæslustöð sem þeir eru **EKKI** skráðir á: 1200 kr.
 - Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
 - Börn og börn með umönnunarbætur greiða ekkert gjald.
 - Fast gjald vegna ósjúkratryggðra einstaklinga hækkar úr 4700 kr í **4818 kr.** Það er stillt í stilligildi **3014.**

Helstu breytingar vegna rannsókna:

- Almennir: 2768 kr.
- Aldraðir og öryrkjar: 1845 kr.
- Börn **ekki** með tilvísun: 1845 kr.
- Einingaverð fyrir Röntgen: 240,88 kr. (meðaltal 6 flokka)

Mikilvægir hlekkir:

- [Reglugerð um greiðslubátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.](#)
- [Vinnuskjal Sjúkratrygginga Íslands - sýnir ný verð í samanburði við eldri verð](#)
- [Fjárhæðir og Gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands](#)
- [Reglugerð um greiðslubátttöku ósjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu](#)

Notendur Sögukerfisins þurfa ekki að hafa áhyggjur af greiðsluhámarki sem breytist fyrir gjaldflokkinn Almennur og hjá Öldruðum, Öryrkjum og Börnum. Það gerist sjálfkrafa í skeyti frá SÍ til Sögu.

Hvað varðar reglugerðina sjálfa og breytingar á Verðskrá þá þurfa kerfisstjórar að lesa hana gaumgæfilega. Skjalið („[Vinnuskjal Sjúkratryggina Íslands - sýnir ný verð í samanburði við eldri verð](#)“) er samantekt á öllum verðbreytingum og er **mjög hjálpleg** fyrir kerfisstjóra til þess að fara yfir verðbreytingar. Munið að breyta þarf verði á **öllum gjaldflokkum** í Verðskrá samkvæmt reglugerðinni.

Leiðbeiningar fyrir verðbreytingar

Bæta við gjaldalið

Til þess að bæta við nýjum gjaldalið í Sögu þarf að fara í Umsjón - Stillingar - Gjaldaliður. Í horninu uppi vinstra megin er grænn plús sem notandi smellir á til þess að bæta við línu. Best er að bæta við línu fyrir gjaldalið einstaklings sem er **EKKI** skráður á heilsugæslu. Hjá einstaklingi sem er skráður á heilsugæslu nægir að breyta verðinu í Verðskrá fyrir alla gjaldflokka. Fyrir nýja gjaldaliðinn þarf að passa að setja hann á rétta deild, haka í að hann sé virkur og breytanlegur og flokka hann rétt í yfirgjaldaliði (þar sem við á) og Sí flokkun. Sjá mynd fyrir neðan. Þegar kerfisstjóri hefur bætt við gjaldaliðnum þarf hann að skrá sig út úr Sögu og svo inn aftur og næsta skref er svo að bæta við þessum gjaldaliði í Verðskrá fyrir alla Gjaldflokka.

Breyta verðum í Verðskrá:

Á myndinni hér fyrir neðan er dæmi um breytingar á komugjaldi á slysideild/bráðamóttöku sjúkrahúss og komu og endurkomu vegna annarra en lækna. Þetta er ekki eina verðbreytingin heldur er þetta bara sýnidæmi um það hvernig á að breyta verðum í Verðskrá.

Athugið að aðrar gjaldskrárbreytingar ([sjá reglugerð](#)) eru gerðar með sama hætti og sýnt er á myndinni. Farið er í „Umsjón“ - „Stillingar“ - „Verðskrá“ og verði breytt fyrir alla gjaldflokka. Ekki þarf lengur að setja afsláttarverð í afsláttardálk þar sem afsláttur reiknast sjálfkrafa í greiðsluþak sjúklings. En setjið til öryggis inn sama verð og er í Verð dálkinum.

Umsjón

Afgreiðsla - Verðskrá

Nr. *	Gjaldflokkur *	Gjaldaliður *	Verð *	Afsl. verð *	Virt?
2277	Almennur (18-66 ára)	Koma á Slysa- og göngudeild	6.900 kr.	6.900 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2278	Barn	Koma á Slysa- og göngudeild	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2279	Barn með umönnunarbætur	Koma á Slysa- og göngudeild	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2280	Ellilífeyrisbegi I (67-69 ára)	Koma á Slysa- og göngudeild	4.600 kr.	4.600 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2281	Ellilífeyrisbegi II (70+)	Koma á Slysa- og göngudeild	4.600 kr.	4.600 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2282	Órorkulífeyrisbegi	Koma á Slysa- og göngudeild	4.600 kr.	4.600 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2251	ÓSJUKRATRYGGÐIR	Koma á Slysa- og göngudeild	56.700 kr.	56.700 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2283	Almennur (18-66 ára)	Koma og endurkoma vegna annarra en lækna	3.800 kr.	3.800 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2284	Barn	Koma og endurkoma vegna annarra en lækna	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2285	Barn með umönnunarbætur	Koma og endurkoma vegna annarra en lækna	0 kr.	0 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2286	Ellilífeyrisbegi I (67-69 ára)	Koma og endurkoma vegna annarra en lækna	2.500 kr.	2.500 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2287	Ellilífeyrisbegi II (70+)	Koma og endurkoma vegna annarra en lækna	2.500 kr.	2.500 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2288	Órorkulífeyrisbegi	Koma og endurkoma vegna annarra en lækna	2.500 kr.	2.500 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
2289	ÓSJUKRATRYGGÐIR	Koma og endurkoma vegna annarra en lækna	56.700 kr.	56.700 kr.	<input checked="" type="checkbox"/>
165					<input checked="" type="checkbox"/>

Hækkun á einingaverði sérgreinalækna og Röntgen:

Til þess að breyta verði sérfraeðieininga í Sögu er farið inn í „Umsjón“ – „Stillingar“ – „Einingaverð“. Smellið í línuna „Sérfræðingaeining“ og breytið verðinu sem birtist í glugganum fyrir ofan. Smellið á Enter eða á Tab lykilinn á lyklaborðinu og þá breytist verðið. Athugið að þeir sem nota „Hjartaómun“ og „EKG og Holter“ þurfa líka að breyta verðinu þar í **439,00 kr.** Þeir sem eru með röntgenþjónustu breyta einnig verðinu þar.

Urvinnsla

Umsjón

Afgreiðsla - Einingaverð

Nr. *	Heiti einingar *	Verð *	Gerð korts	Sí þjónustuflokkur	Virt?	Nota formúlu
1	Sérfræðingaeining	439,00 kr.	0 - Almenn kort	Hlutur sjúklings í reikningi sérfræðings	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
1	Sérfræðingaeining	439,00 kr.	0	Hlutur sjúklings í reikningi sérfræðings	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2	Rannsóknar- og röntgeneining	185,76 kr.	0	Rannsóknargjald	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3	Röntgen	240,85 kr.	0	Röntgengjald	<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4	Órorkulífeyrisbegi	4.600 kr.	0		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
7			-1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
8			0		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10			-1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
11	Hjartaómun	439,00 kr.	0		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
12	EKG og Holter	439,00 kr.	0		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
13			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
14			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
15			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
16			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
17			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
18			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
19			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
20			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
21			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
22			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
23			1		<input checked="" type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Ef þið þurfið aðstoð við þetta þá sendið okkur póst á thjonusta@origo.is.

Með kveðju
Origo Heilbrigðislausnir